



Fréttabréf júní 2021

VATNSENDASKÓLI

Frá skólastjóra

7. júní 2021

Nú er þessum skrytna vetri að ljúka og komið að síðustu dögum nemenda í skólanum. Við höfum gengið í gegnum margt saman á þessum vetri og hafa starfsmenn og nemendur skólans aðlagast vel breyttum aðstæðum með stuttum fyrirvara. Það er von okkar hér í Vatnsendaskóla að næsta skólaár verði með hefðbundnum hætti og við getum boðið foreldrum og öðrum forráðamönnum meira í heimsókn til okkar.

Núna standa útivistardagar yfir og eru allir árgangar með áhugaverða dagskrá sem umsjónarkennarar hafa sent á ykkur.

Skólaslit Vatnsendaskóla verða á morgun, miðvikudaginn 9. júní fyrir nemendur í 1.– 9. árgöngum og má sjá tímasetningar hér fyrir neðan. Nemendur mæta í sínar heimastofur og koma svo með umsjónarkennurum í hátíðarsal skólans. Vegna fjöldatakmarkana verður ekki hægt að bjóða foreldrum á skólaslitin að þessu sinni og biðjum við ykkur að virða það.

Útskrift 10. árgangsins verður í dag, þriðjudaginn 8. júní, klukkan 17:30 í hátíðarsal skólans. Nemendur og foreldrar hafa fengið upplýsingar frá skólanum um fyrirkomulagið.

Starfsfólk Vatnsendaskóla óskar ykkur öllum gleðilegs sumars og vonar að þið hafið það gott í sumar.

Bestu kveðjur, María Jónsdóttir

Skólaslit 1.-9. árgangur

Útskrift 10. árgangur 8. júní kl: 17:30

Allir nemendur mæta á kennsluvæði/heimastofu. Opið er fyrir nemendur í frístund til kl: 16:00.

1.-2. árgangur kl: 9:00

3.-4. árgangur kl: 10:00

5.-6. árgangur kl: 11:00

7. árgangur kl: 11:20

8.-9. árgangur kl: 12:00



VATNSENDASKÓLI

Námsmat — hæfnikort nemenda — hæfnieinkunn

Á hæfnikorti nemenda birtist námsmat hverra námsgreina og hæfnieinkunn. Á síðunni má einnig sjá bláan hnapp sem kallast *Skýrslur*. Ef smellt er á þann hnapp er hægt að sækja námsmatsskýrslurnar/hæfnikortin á PDF formi. Tvær tegundir af námsmatsskýrslum eru í boði þ.e. Samantekt sem sýnir á einfaldan hátt stöðuna í þeim námsgreinum þar sem skólinn færir námsmat inn á hæfnikort og nánari upplýsingar sem sýnir hæfnikort í hverri námsgrein fyrir sig.

Mikilvægt er að foreldrar og nemendur skoði hæfnikortið saman.